

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-85/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. október sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið hennar. Gerir álitsbeiðandi kröfu til þess að Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili, bæti úr þeim galla sér að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 29. október sl., gaf kæruneftndin gagnaðila kost á andsvörum og bærust þau hinn 31. október. Með bréfi, dags. 7. nóvember sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 21. nóvember. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafði ákveðið að kaupa ákveðna bifreið af gerðinni Suzuki Swift af Y og hafi vegna þessa verið í sambandi við ákveðinn sölumann Y sem hafi leiðbeint henni við kaupin. Daginn áður en kaupin áttu að fara fram hitti álitsbeiðandi nefndan einstakling sem hafði tekið eftir því að hún hafði verið að skoða Suzuki bifreiðar. Í samtali við manninn kom í ljós að hann var að reyna að selja Suzuki bifreið fyrir föður sinn, en faðir hans mun ekki hafa haft heilsu til að selja bílinn sjálfur. Var umrædd bifreið af gerðinni Suzuki SX4 með fastanúmerið xx-000, árgerð 2007, fyrst skráður 12. október 2007.

Segir álitsbeiðandi, að eftir að hafa litið lauslega á bifreið sem umræddur maður hafi boðið sér til kaups hafi hún ákveðið að kaupa bifreiðina, enda nánast ókeypis, eða um 8.000 km. Álitsbeiðandi segist hafa viljað láta Y hafa milligöngu um söluna svo salan færi örugglega fram eftir lögformlegum leiðum og varð það úr. Var umsamið verð kr. 1.450.000. Áður en kaupin gengu í gegn skoðaði álitsbeiðandi bílinn betur og tók eftir því að bremsudiskar að framan virtust vera skemmdir, en annað virtist í lagi utan að bifreiðin var skítug að utan. Starfsmaður gagnaðila, sem sá um að ganga frá sölunni, taldi ólíklegt að bremsudiskarnir væru í ólagi og taldi frekar að um ryð væri að ræða, sem myndi lagast um leið og farið yrði að aka bifreiðinni. Kveðst álitsbeiðandi hafa tekið þessa útskýringu trúanlega. Segir álitsbeiðandi að starfsmaður gagnaðila hafi einnig látið hafa eftir sér að álitsbeiðandi væri að fá bifreiðina á mjög góðu verði, en þegar starfsmaðurinn hafi verið inntur eftir því hvað væri eðlilegt verð á samskonar bifreið taldi hann það vera á bilinu kr. 1.350.000 til kr. 1.500.000. Gengu kaupin í gegn hinn 13. september 2012.

Segir álitsbeiðandi að eftir að hún byrjaði að nota bifreiðina fór að bera á því að ekki væri allt sem sýndist. Bremsurnar virkuðu ekki, lakk og „body“ reyndist skemmt og rispað og ekki í samræmi við fullyrðingar um að bíllinn væri eins og nýr. Þá voru báðir gormar í fjöðrunarbúnaði að framan brotnir og allir hliðarlistar utan á bifreiðinni farnir að losna frá. Eftir að hafa ráðfært sig við fagmenn segir álitsbeiðandi ljóst að kostnaður við að gera við

bifreiðina muni nema kr. 400.000. Hafi áður nefndur sonur seljanda lýst sig tilbúinn til að greiða kr. 50.000 upp í viðgerð á lakkskemmdum og kr. 40.000 fyrir viðgerð á gormum. Kveðst álitseiddandi hafa tekið við þessum greiðslum með fyrirvara um að kostnaður við viðgerðirnar gæti reynst hærri, sem hann hafi og verið. Vill álitseiddandi tiltaka að samskipti hennar við son seljanda hafi verið einkennileg í ljósi þess að hann telji sig enga ábyrgð bera á umræddum göllum og er það ein af ástæðum þess að álitseiddandi leitaði til kærunevndarinnar. Segist álitseiddandi sennilega getað farið þá leið að beina riftunarkröfu að seljanda, en þar sem hún vilji frekar eiga bifreiðina vilji hún frekar sækja rétt sinn til bifreiðaumboðsins, en hún telur að umræddir gallar séu framleiðslugallar og eðli máls samkvæmt geti hún því gert kröfu um úrbætur á hendur upphaflegs innflytjanda.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila, rituðum af framkvæmdastjóra félagsins, kemur fram að gagnaðili telji sig ekki vera réttan aðila að málinu.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í álitseiddni og fylgigögnum með henni, þ.m.t. kaupsamningi, kemur fram að álitseiddandi keypti bifreiðina xx-000 af Z, fyrir tilstuðlan sonar seljanda. Seljandi mun hafa keypt bifreiðina nýja af gagnaðila. Væri bifreiðin haldin galla svo sem álitseiddandi heldur fram og sá galli komið fram á eignartíma seljanda, hefði seljandi geta haft uppi gallakröfu við gagnaðila. Álitseiddanda hefði og verið heimilt lögum samkvæmt að gera kröfu vegna galla á hendur seljanda. Hins vegar er það svo að samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 48/2003 getur neytandi borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans yrði höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur söluhlutinn frá fyrri söluaðila. Álit kærunevndarinnar er því það að álitseiddandi eigi rétt á að beina kröfum sínum að gagnaðila sem fyrsta seljanda bifreiðarinnar. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort fleiri en álitseiddandi og seljandi hafi verið eigendur bifreiðarinnar frá því að gagnaðili seldi hana nýja sem innflytjandi hennar.

Álitseiddandi telur bifreiðina haldna galla, sem eru fólgir í því að bremsur og gormar bifreiðarinnar eru ónýtar ásamt því að lakk hennar er skemmt og hliðarlistar utan á bifreiðinni lausir. Segir álitseiddandi að kostnaður við að lagfæra gallann nemi um kr. 400.000.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir eftirfarandi:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í

ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr. Jafnframt er neytanda heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

Neytandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan tímamarka greinarinnar. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.“

Eins og fyrr segir fer um réttarstöðu aðila samkvæmt lögum nr. 48/2003 og þar með ofangreindum ákvæðum þeirra. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins var bifreið álitsbeiðanda nýskráð 12. október 2007. Líta verður svo á að hún hafi kvartað undan galla á bifreiðinni við gagnaðila með bréfi, dags. 1. október sl. Samkvæmt því var bifreiðin þá rétt tæplega fimm ára gömul og almenni 2 ára kvörtunarfresturinn því liðinn.

Kemur því til skoðunar hvort líta megi svo á að lakki bifreiðarinnar og hliðarlistum, ásamt gormum og bremsum megi ætla verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti eins og segir í 2. máslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Þegar um bifreið er að ræða verður mat á slíku ekki einvörðungu byggt á aldri viðkomandi bifreiðar heldur verður einnig að líta til þess um hvern hluta hennar er að ræða og hve mikið bifreiðin hefur verið notuð. Í því tilviki sem hér um ræðir hafði bifreið álitsbeiðanda ekki verið ekið meira en rétt um 8.000 km þegar gallinn kom fram í henni og hún að því leyti „sem ný“ eins og gjarnan er tekið til orða. Hins vegar eru þeir hlutar bifreiðarinnar sem álitsbeiðandi kvartar undan þess eðlis að ástand þeirra ræðst fremur af meðförum á bifreiðinni og flest raunar vegna þess hve lítið bifreiðin hefur verið notuð. Að mati kærunefndarinnar, eins og málum er hér háttað, getur enginn þeirra íhluta bifreiðarinnar sem álitsbeiðandi telur gallaða talist þess eðlis að þeim sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti í skilningi 2. máslíðar 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Kærunefndin hefur hins vegar almennt talið að lakk bifreiða falli undir áðurnefndan tölulíð, sbr. t.a.m. álit kærunefndarinnar í málinu nr. M-39/2009. Sem fyrr segir, ræðst heimild álitsbeiðanda til að gera kröfur á hendur gagnaðila á ákvæði 1. mgr. 35. gr. laganna. Getur álitsbeiðandi þannig ekki gert kröfu á hendur gagnaðila vegna lakkskemmda á bifreiðinni, nema af sá er seldi álitsbeiðanda bifreiðinni hefði geta gert samskonar kröfu á hendur gagnaðila. Yrði þannig krafa þess sem seldi bifreiðina eðlilega takmörkuð við ákvæði laga um tímamörk, auk þess sem seljandi bifreiðarinnar hefði ekki getað gert kröfu á hendur gagnaðila vega galla á lakki, ef ástand þess yrði rakið meðferðar hans sjálfs á bifreiðinni en ekki t.a.m. framleiðslugalla.

Álitsbeiðandi hefur haldið því fram að lakk bifreiðarinnar hafi verið skemmt og rispað og því hefur í sjálfu sér ekki verið mótmælt. Þá hefur álitsbeiðandi haldið því fram að um framleiðslugalla á lakkinu sé að ræða. Þessa fullyrðingu hefur álitsbeiðandi hins vegar ekki rökstutt sérstaklega, hvorki í álitsbeiðni, né með framlagningu gagna. Telur kærunefndin að minni líkur séu fyrir því en meiri, að ástand á lakki bifreiðarinnar stafi af notkun seljanda, frekar en framleiðslugalla sem varði gagnaðila. Er því ósennilegt að seljandi hefði getað haft uppi kröfu gegn gagnaðila vegna lakkskemmdanna, en álitsbeiðandi í þessu máli getur ekki átt betri rétt en seljandi átti á hendur gagnaðila.

Samkvæmt því sem að framan er rakið verður að hafna kröfum álitsbeiðanda á hendur gagnaðila. Álitsbeiðanda er hins vegar bent á að hún geti óskað eftir álit kærunefndarinnar að nýju kjósi hún að beina kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir